

rannsóknar, en enska stjórnin lofaði, þegar fyrst yrði sent her- 1854.
skip á fiskistöðvarnar við Ísland, skyldi hún fela skipherranum á 30. ágúst.
hendur að rannsaka nákvæmlega það sem klagað hefur verið
yfir, og skýra stjórninni frá því sjer í lagi.

**15. Brjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamtmannsins 21. septbr.
um skilning á verzlunarlögunum 15. apríl þ. á.**

Stiptamtmaðurinn hafði sent stjórninni fyrirspurn bæjarfóet-
ans í Reykjavík um þessi atriði:

1. Hvort að kaupmaður, sem er heimilisfastur á Íslandi,
og vill taka utanríkisskip á leigu, getur, samkvæmt lögunum um
siglingar og verzlun á Íslandi 15. apríl þ. á., beðið með að kaupa
íslenzkt leiðarbrjef, þangað til skipið komi til Íslands, og ef svo
er, hvort leiðarbrjefið gildi þá fyrir ferðina aptur til útlanda
innan 9 mánaða, og

2. Hvort að verzlunarmaður, sem er heimilisfastur á Íslandi,
þarf að kaupa nýtt leiðarbrjef, þegar skipstjóri kemur til
Íslands með fermt skip, og hefur keypt leiðarbrjef, eins og fyrir
er mælt í 2. gr. áður nefndra laga, til þess að verzla í landinu,
og íslenzki verzlunarmaðurinn vill síðan taka skipið á leigu til
að flytja farm þaðan, og ætlast ekki til, að skipið komi aptur
til Íslands.

Stjórnin svaraði á þessa leið:

1. að það megi að sönnu kaupa leiðarbrjef á Íslandi, þegar
þannig stendur á, eptir lögunum 15. apríl þ. á., 4. greinar
seinustu klausu, en gildi þá einungis fyrir ferðina til Íslands
og frá Íslandi, og fyrir þær ferðir sem farnar eru hafna á milli
á Íslandi, en ekki fyrir ferð til landsins aptur.

2. að ekki þurfi nýtt leiðarbrjef, þegar þannig stendur á,
samkvæmt 4. gr., endanum á fyrstu klausu, þar eð leiðarbrjef,
sem búð er að kaupa, gildir bæði fyrir ferðina til Íslands og
frá Íslandi, hver sem svo hefur skipið á leigu.